

Borgarráð

Aðgerðir í starfsmannamálum í leikskólum

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirtalin atriði er varða aðgerðir í starfsmannamálum til að mæta manneklu og efla mannauð á leikskólum og varða ráðstöfun fjármuna innan ramma skóla- og frístundasviðs:

1. Fjármagn til heilsueflingar. kr. 5.715.000.
2. Fjármagn til að mæta auknu álagi og bæta liðsanda. kr. 14.287.500.
3. Undirbúningur tekinn í yfirvinnu. kr. 57.275.803.
4. Fjöldgun starfsmannafunda. kr. 33.078.420.
5. Eingreiðsla til stjórnenda. kr. 11.960.000.
6. Ímyndarvinna og kynningarstarf leikskóla í manneklu. kr. 5.000.000.
7. Leita í raðir starfsmanna sem hafa látið af störfum, án kostnaðarauka.
8. Viðbragðsferill vegna leikskóla í mönnunarvanda, án kostnaðarauka.

Greinargerð:

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. september sl. var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017, um aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð í leikskólum. Skóla- og frístundaráð lagði til framangreinda málsmeðferð á tillögum aðgerðateymis vegna manneklu í leikskólum.

Tillagan rúmast innan fjárheimilda skóla- og frístundasviðs og mun ákveðnum tillögum í aðgerðaráætlun vera vísað til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara til frekari meðferðar og úrvinnslu. Þá hefur eftirtöldum tillögum verið vísað til kjaradeildar og mannauðsdeildar borgarinnar til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Miðlæg afleysingarþjónusta.
2. Gera störf aðstoðarleikskólakennara og deildarstjóra eftirsóknarverðari.
3. Styttning vinnuviku.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Bréf sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til borgarráðs, dags. 28. september 2017.

Minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017.

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Aðgerðir í starfsmannamálum á leikskólum

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 27. september 2017 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 27. september 2017, um aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á leikskólum.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi málsmeðferðartillögu:

Skóla og frístundaráð leggir til eftirfarandi málsmeðferð á tillögum aðgerðateymis vegna manneklu í leikskólum.

Eftirtöldum tillögum verði vísað til borgarráðs:

1. Fjármagn til heilsueflingar. kr. 5.715.000
2. Fjármagn til að mæta auknu álagi og bæta liðsanda . kr. 14.287.500
3. Undirbúningur tekinn í yfirvinnu. kr. 57.275.803
4. Fjölgun starfsmannafunda. kr. 33.078.420
5. Eingreiðsla til stjórnenda. kr. 11.960.000
6. Ímyndarvinna og kynningarstarf leikskóla í manneklu. kr. 5.000.000
7. Leita í raðir starfsmanna sem hafa látið af störfum. án kostnaðarauka
8. Viðbragðsferill vegna leikskóla í mönnunarvanda. án kostnaðarauka

Eftirtöldum tillögum verði vísað til starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Fjölgun undirbúningstíma.
2. Aðgerðir til að halda fólki sem annars mun láta af störfum á næstu árum.
3. Fækkun barna á deildum.
4. Styttri opnunartími leikskóla.
5. Breyta úthlutun vegna veikindaafleysingar í fjármagn í stað fastra stöðugilda.
6. Lokað á aðfangadag og gamlársgjöld.
7. Niðurfelling leikskólagjalda milli jóla og nýárs fyrir þá sem nýta ekki plássin.
8. Breyting á barngildum eða fallið frá þeim.

9. Skilgreina hámarks leikskóladvöl barna þeirra foreldra sem eru í fæðingarorlofi.
10. Handleiðsla við nýútskrifaða leikskólakennara.
11. Aukið svigrúm til náms á 5. ári í námi til leikskólakennara.
12. Fatapeningar.

Eftirtöldum tillögum er vísað til kjaradeildar og mannauðsdeildar borgarinnar til frekari meðferðar og úrvinnslu:

1. Miðlæg afleysingarþjónusta.
2. Gera störf aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra eftirsóknarverðari.
3. Styttling vinnuviku.

Tillaga skóla- og frístundaráðs var samþykkt og vísað til borgarráðs. Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina lagði fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina átelur að áriðandi gögn varðandi yfirgripsmiklar, mikilvægar og áriðandi tillögur sem meirihlutinn óskar eftir að séu samþykktar á fundinum og síðan vísað til borgarráðs, eru kynntar með ófullnægjandi hætti á sjálfum fundinum og án þess að minnihluti ráðsliða fái tækifæri til að skoða gögnin áður.

Áheyrnarfulltrúar starfsfólks og skólastjóra í leikskólum lögðu fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar leikskólakennara og skólastjórnenda leikskóla, þakka fyrir þá vinnu sem teymið vegna manneklu í leikskólum hefur skilað af sér. Það er brýnt að unnið verði hratt úr niðurstöðum teymisins og við lítum á að þetta sé fyrsta skrefið í átt að bættu starfsumhverfi leikskóla. Við skorum á skóla- og frístundaráð að vinna hratt að niðurstöðum að öllum 23 liðum teymisins.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Aðgerðateymi í leikskólum er þakkað fyrir vandaða og góða vinnu við að móta tillögur um hvernig megi mæta manneklu og bæta aðbúnað starfsfólks á leikskólum. Meirihlutinn leggur áherslu á að hrinda strax í framkvæmd átta af þessum tillögum og til þess verði varið um 127 milljónum króna. Leikskólar fá nú aukið fjármagn til að styðja við starfsmannahópinn m.a. til að mæta auknu álagi, til heilsueflingar, til að fjölga starfsmannafundum og til að greiða undirbúningstíma í yfirvinnu á þeim leikskólum sem glíma við manneklu. Þá fá viðkomandi leikskólar fjármagn til að vinna kynningarefni til að laða að nýtt starfsfólk. Öðrum tillögum sem lúta að veigameiri breytingum er vísað til frekari meðferðar og úrvinnslu hjá annars vegar starfshópi um nýliðun og bætt vinnumhverfi leikskólakennara og hins vegar til kjara- og mannauðsdeilda borgarinnar.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað sviðsstjóra, dags. 27. september 2017



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 27. september 2017

SFS2017090126

125. fundur

HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Aðgerðir til að mæta manneklu og efla mannauð á leikskólum

Á 124. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 13. september 2017 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Bjartrar framtíðar, Samfylkingarinnar, Vinstri grænna og Pírata:

Lagt er til að sett verði af stað teymi til að bregðast við manneklu í leikskólum. Hlutverk teymisins verði að móta tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu ráðningarmála og mannauðsmála á leikskólum borgarinnar. Verkefni teymisins verði m.a. að greina tillögur frá leikskólastjórum í Reykjavík um aðgerðir vegna stöðu ráðningarmála og margvíslegar tillögur og ábendingar sem liggja fyrir eftir greiningarvinnu sviðsins og samtöl við leikskólastjóra að undanfögnu. Hópurinn greini umfang og kostnað vegna þessara gagna og leggi fram tillögur um viðbrögð og aðgerðir sem hægt verði að ráðast í á næstu vikum með það að markmiði að styðja við starfsmannahald í leikskólum. Teymið verði skipað fulltrúum fagskrifstofu leikskólamála, mannauðsdeildar, fjármáladeildar og tveimur leikskólastjórum. Teymið skili tillögum til sviðsstjóra eigi síðar en 25. september nk.

Tillagan var samþykkt.

Teymið var myndað í kjölfar fundarins og fundaði 6 sinnum á tímabilinu 14. – 25. september. Teymið skipuðu eftirtaldir fulltrúar:

Guðrún Sólveig leikskólastjóri í Rauðhóli.

Helena Jónsdóttir leikskólastjóri í Grandaborg.

Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála.

Ragnheiður Stefánsdóttir mannauðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Ragnhildur Ísaksdóttir starfsmannastjóri Reykjavíkurborgar.

Róbert Rafn Birgisson sérfræðingur á fjármálaskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Teymið vann úr tillögum sem safnað hafði verið saman eftir samtöl og ábendingar margra aðila auk innsends bréfs frá leikskólastjórum í Reykjavík þar sem lögð var áhersla á fjóra þætti þ.e.

1. Stytta opnunartíma í kl. 7:45 – 16:30
2. Að vinnutími starfsmanna verði 35 stundir á viku
3. Að börnum á deildum verði fækkað án þess að draga úr stöðugildum starfsmanna
4. Að fjármagn verði tryggt mánaðarlega til að bæta laun starfsmanna.

Teymið leggur fram 23 hugmyndir sem annars vegar geta nýst sem bráðaaðgerðir til að mæta manneklu og hins vegar sem aðgerðir til lengri tíma sem bæta starfsaðstæður á leikskólum borgarinnar. Tillögunum er ekki forgangsraðað.

Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Fjármagn til heilsueflingar.
2. Fjármagn til að efla liðsheild og mæta auknu álagi.
3. Undirbúningur tekinn í yfirvinnu.
4. Fjölgun starfsmannafunda.
5. Fjölgun undirbúningstíma.
6. Eingreiðsla til stjórnenda vegna álags.
7. Aðgerðir til að halda fólki sem annars mun láta af störfum á næstu árum.
8. Loka á aðfangadag og gamlársgjafir.
9. Niðurfelling leikskólagjalda á milli jóla og nýárs ef foreldrar nýta ekki dagana.
10. Ímyndarvinna.
11. Leita í raðir starfsmanna sem látið hafa af störfum á síðustu árum.
12. Viðbragðsferill vegna leikskóla í vanda.
13. Breyta úthlutun vegna veikindaafleysingar í fjármagn í stað fastra stöðugilda.
14. Miðlæg afleysingarþjónusta
15. Fækkun barna á deildum.
16. Breyting á barngildum
17. Styttri opnunartími leikskóla.
18. Stytting vinnuviku.
19. Skilgreina hámarks leikskóladvöl barna þeirra foreldra sem eru í fæðingarorlofi.
20. Handleiðsla við nýútskrifaða leikskólakennara.
21. Aukið svigrúm til náms á 5. ári í námi til leikskólakennara.
22. Fatapeningar.
23. Gera störf aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra eftirsóknarverðari.